

FELLSMÖRK

AÐALFUNDUR 16 maí 2023

Skýrsla stjórnar FLÁF: júní 2022 til maí 2023

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Skipun stjórnar og stjórnarfundir | 1 |
| Skipulagsmál á Fellsmörk | 1 |
| Sumarstarf | 2 |
| Vegamál | 3 |
| Girðingar | 4 |
| Varnargarðar | 4 |
| Vefsíða Fellsmerkur | 4 |
| Fjöldi setinna landa á Fellsmörk | 4 |
| Að lokum | 5 |
| Viðauki 1: Fundarboð aðalfundar 2023 | 6 |
| Viðauki 2: Bréf (tölvupóstur) sent SR, 1. júní 2022 | 7 |
| Viðauki 3: Athugasemdir FLÁF vegna aðalskipulags, 8. mars 2023 | 10 |
| Viðauki 4: Félagatal, fyrir aðalfund 16. maí 2023 | 14 |

Skipun stjórnar og stjórnarfundir

Stjórn Félags landnema á Fellsmörk (FLÁF) sem er skipuð fulltrúum brauta var skipuð eftirfarandi félögum og skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt eftir aðalfund 19. maí 2022.

Einar Ragnar Sigurðsson frá Hlíðarbraut, formaður stjórnar
Guðrún S. Ólafsdóttir frá Keldudal, gjaldkeri
Jóhanna Bergúnar Ólafsdóttir frá Heiðarbraut, ritari
Einar Kristjánsson frá Gilbraut, meðstjórnandi
Hallur Björgvinsson frá Heiðarbraut en fyrir Dalbraut, meðstjórnandi
Tryggvi Þórðarson frá Króki, meðstjórnandi
Valdimar Reynisson frá Hólsbraut, meðstjórnandi

Enginn gaf kost á sér til setu í stjórn frá Dalbraut en Hallur Björgvinsson frá Heiðarbraut gaf kost á sér þess í stað.

Þar sem það reyndist nokkuð vel og einfaldaði mikið að hafa stjórnarfundir í fjarfundabúnaði þá var því haldið áfram þó ekki væri neinn heimsfaraldur lengur að koma í veg fyrir að fólk mættist í raunheimum.

Alls voru 5 skráðir stjórnarfundir á tímabilinu og líklega einn að auki sem var ekki sérstaklega færður til bókar.

Skipulagsmál á Fellsmörk

Vinna Skógræktarfélag Reykjavíkur (SR) við deiliskipulag Fellsmerkur hófst veturinn 2021-2022 og var fyrsta tillaga að deiliskipulagi kynnt á aðalfundi FLÁF 19. maí 2022. Margt gott var í deiliskipulaginu eins og það var sett fram en eftir umræður á aðalfundinum og frekari umfjöllun stjórnar FLÁF, voru sendar athugasemdir til SR, 1. júní 2022. Gerðar voru athugasemdir við eftirfarandi:

- Skógræktarsvæðin
Stjórn FLÁF taldi að tillaga um formleg skógræktarsvæði væri of sundurlaus: næðu of hátt upp um brött gil sem eru óheppileg en innihéldu ekki svæði nær spildum landnema sem hafa verið nýtt í sameiginlega skógrækt.
- Fjölnotasvæðið framan við Fell
Stjórn FLÁF taldi staðsetningu ekki heppilega í of mikilli nálægð við Fell og var bent á svæði innst við Fellsfjall við Þurragil og að Selgili.
- Nýjar landnemaspildur
Stjórn FLÁF taldi tillögur að nýjum landnemaspildum í Hólsbraut vera óraunhæfar og hafði einnig athugasemdir um aðrar spildur
- Stærð byggingarreita
Stjórn FLÁF benti á að fyrir mjóar landnemaspildur, minnkaði verulega nothæft byggingarland ef ekki verður leyft að byggja nær aðliggjandi lóðar en 10 metra.
- Fráveitur
Gerð var athugasemd við orðalag sem mátti skilja þannig að hver bústaður þyrfti sína sérstöku rotþró en ekki væri hægt að samnýta rotþrær
- Örnefni
Gerð var athugasemd við að Lambá er merkt Kambá.

Tölvupósturinn eins og hann var sendur er í viðauka aftar í þessari skýrslu.

Svar barst frá SR um hæl og þakkað fyrir tillögurnar og að þær séu að hluta komnar inn í þá vinnu sem væri í gangi hjá SR. Það leit út fyrir að þetta yrði unnið hratt þarna um sumarið 2022 en það komu sumarfrí og eitthvað virtist hafa hægst á málinu um haustið 2022. A.m.k. voru engar fréttir af neinum framgangi málsins.

Það sem gerðist næst var ekki fyrr en á árinu 2023 að fulltrúar stjórnar FLÁF fóru yfir ýmis mál vegna deiliskipulagsins á fundi með fulltrúum SR og þá kom einnig í ljós að sveitarfélagið í Mýrdal vinnur að nýju aðalskipulagi.

Haldinn var almennur félagsfundur í FLÁF um aðalskipulagið, 21. febrúar og var athugasemdum vegna þess skilað til sveitarfélagsins með tölvupósti 8. mars, sjá viðauka aftar í skýrslunni

SR skilaði mjög sambærilegum athugasemdum og var að mestu leyti tekið tillit til athugasemdanna hvað varðaði Fellsmörk.

Vitað er að SR gerir ráð fyrir að klára deiliskipulagsvinnuna þegar nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins er frágengið formlega seinna á árinu 2023, eftirfarandi skilaboð ásamt þökkum fyrir biðlund komu frá Auði framkvæmdastjóra Skógræktarfélagsins í aðdraganda aðalfundar Fellsmerkur:

„Annars er það að fréttu að komin er tímarammi á næstu skref stjórnar með Fellsmörk. Bíða eftir að sveitarstjórn afgangi breytingar á aðalskipulagi. Klára þá deiliskipulagsvinnu, fá það samþykkt og eftir endurnýja samninga við Landnema.“

Nánar verður fjallað um skipulagsmál á aðalfundi Fellsmerkur, 16. maí.

Sumarstarf

Þar sem ekki náðist að útvega trjáplöntur til gróðursetningar á árlegum plöntudegi var ákveðið að efna til sérstaks Fellsmerkurdags og var hann haldinn laugardag 13. ágúst. Fellsmerkurdagurinn fólst í skoðunarferð um Fellsmörkina þar sem áherslan var að skoða eldri sögu svæðisins. Dagskrá dagsins var svohljóðandi:

- Galma-Fell neðst í Hólsbraut: Við kynnum okkur bæjarrústirnar á Gamla-Felli sem eru neðst í Hólsbraut. Þar eru minjar um útihús, sauðakofa, virkjun og fleira. Bent verður á gönguleið upp á Fell, inn með Bæjarlæk og upp úr Botnum.
- Fyrir austan Fellsfjall: Keyrum austur fyrir Fell og stoppum líklegast við hlöðuna. Veltum því svæði fyrir okkur og horfum einnig yfir að Holti.
- Keldudalur: Við skoðum hvar Keldudalsbærinn líklega var.
- Krókur: Þar skoðum við hvar hugsanlega gamalt bæjarstæði var.



Í Hólsbraut, við einn af hellunum út frá Gamla-Felli, sem voru nýttir fyrr á öldum.

Í lok dagsins var efnt til grillveislu í Dönsku Tó hjá Hjalta og Júlíu í Króki.

Það má segja að Fellsmerkurdagurinn hafi tekist ágætlega og líkur á að reynt verði að hafa einhvern atburð annan en gróðursetningu að árlegum viðburði á Fellsmörk.

Vegamál

Almennt voru vegamál á Fellsmörk nokkuð hefðbundin á þessu ári eða jafnvel með betra móti. Helstu vandamál hafa verið tengd ræsinu á Keldudalsá en eftir síendurtekin vandamál var ræsið endurnýjað með einu stóru röri í stað tveggja minni. Eftir þær umbætur hefur það að mestu verið til friðs þó aðeins hafi runnið úr því.



Ræsið við Keldudalsá eftir að ræsið var endurnýjað með einu stóru röri.

Girðingar

Talsvert af sauðfé var áfram á Fellsmörk, einkum á austurhluta svæðsins. Girðingar við Hafursá neðan Fellsmerkur hafa verið lagaðar þannig að varla er við það beint að sakast. Grunur er um að ekki hafi tekist að halda nógu góðri spennu á girðingunum ofan Fellsmerkur og gæti það skýrt það hvernig kindurnar komast inn. Þetta er í raun óbreytt frá síðasta ári.

Vitað er af a.m.k. einni kind sem hélt til í Fellinu allan veturinn og líklega um 10 kindur voru á austurhluta Fellsmerkur. Sumar virtust vera orðnar innikróaðar innarlega í þröngu Lambárgili í nóvember en aðrar voru sprækar í marsmánuði fyrir innan Krók og runnu þar í gegnum girðingar eins og þær væru hugarburðurinn einn.

Varnargarðar

Þrátt fyrir talsverða bleytutíð á köflum og vegaskemmdir þá er ekki vitað til þess að varnargarðar hafi látið á sjá á þeim árum sem hér er fjallað um. Staða þeirra er því allgóð eins og undanfarin ár.

Vefsíða Fellsmerkur

Stjórn félagsins hefur lengi haldið úti heimasíðu. Á heimasíðunni er formlegur staður til að halda utan um það sem gerist á Fellsmörk og tengist félaginu. Vefslóð heimasíðunnar er: <https://www.fellsmork.is>.

Vandamál komu upp með hýsingu og fyrirkomulag síðunnar á árinu þar sem síðan hafði verið í hýsingu hjá Háskóla Íslands í fyrirkomulagi sem stóð ekki lengur til boða og vefumsjónartól sem hafði verið notað var ekki lengur hægt að uppfæra. Þetta var fært til nútímahorfs og hýsing er núna hjá 1984.is og síðunni viðhaldið með WordPress vefumsjónartóli, sem er líklega alengasta form heimasíðna með eigin lén á Íslandi þessi árin.

Gamla síðan er ennþá til og er aðgengileg í gegnum nýju síðuna.

Einnig er nokkuð virk Facebook síða sem allir félagsmenn og aðrir áhugasamir um Fellsmörk geta fengið aðild að. Vefslóð Facebook síðunnar er: <https://www.facebook.com/groups/Fellsmork/>. Síðan á Facebook er sá vettvangur sem er heppilegastur fyrir félagsmenn að koma upplýsingum sín á milli en heimasíðan er meira fyrir formlegra efni með lengri líftíma.

Fjöldi setinna landa á Fellsmörk

Ekki er vitað til þess að breytingar hafi orðið frá síðasta ári og ef miðað er við okkar eigið félagatal eins og það er á heimasíðu félagsins fyrir aðalfundinn eru alls 32 lönd setin:

| | |
|--------------|---|
| Heiðarbraut: | 8 |
| Gilbraut: | 5 |
| Hólsbraut: | 4 |
| Dalbraut: | 1 |
| Keldudalur: | 4 |
| Hlíðarbraut: | 5 |
| Krókur: | 5 |

Þetta eru setin lönd en nokkrir landnemar eru með tvö lönd. Fyrir hvert land geta svo nokkrir aðilar verið skráðir og í félaginu eru einnig fjölskyldurnar á Felli og í Álftagróf og landnemar sem eru ekki lengur með land sem hafa kosið að vera í félaginu sem hollvinir. Alls eru á lista fyrir þennan aðalfund 65 aðili sem tengjast Fellsmörk og er

Það fjölgun um fjóra frá síðasta ári. Einn landnemi sem hafði staðið utan félags um talsverðan tíma ákvað að ganga aftur til liðs við félagið og er þá núna ekki vitað annað en að allir aðilar með lönd á Fellsmörk séu með aðild að félaginu.

Að lokum

Núna sér fyrir endann á deiliskipulagsvinnu á Fellsmörk og væntingar landnema eru að í framhaldi af því verði hægt að ganga frá samningum við þá landnema sem engann formlegan samning hafa haft og að þeim verði öllum þinglýst. Vonir FLÁF standa til þess að þeirri vinnu ljúki á næsta starfsári.



Einar Ragnar Sigurðsson
Formaður stjórnar
Félags landnema á Fellsmörk

Viðauki 1: Fundarboð aðalfundar 2023

30. apríl 2023

Félag landnema á Fellsmörk
www.fellsmork.is

Aðalfundarboð

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk verður haldinn
Þriðjudag, 16. maí 2023, kl. 20:00
í samkomusal Skógræktarfélags Reykjavíkur að Elliðavatni,
sjá meðfylgjandi kort.

Dagskrá

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári
- Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram
- Kosning stjórnar og skoðunarmanna ársreikninga í samræmi við 4. grein félagslaga
- Ákvörðun um félagsgjald næsta starfsár
- Önnur mál
 - Kynning á sumardagskrá Fellsmerkur, plöntudagur o.fl.
 - Skipulagsmál á Fellsmörk

Kaffiveitingar

Fræðsluerindi um grisjun skóga, Valdimar Reynisson

Stjórn Félags landnema á Fellsmörk.

Viðauki 2: Bréf (tölvupóstur) sent SR, 1. júní 2022

Tölvupóstur sendur til Auðar Kjartansdóttur og Sverris Bollasonar

Sæl Sverrir og Auður,

Á aðalfundi Landnemafélags Fellsmerkur 19. maí síðastliðinn var kynnt deiliskipulagstillaga sem VSÓ hefur unnið að beiðni Skógræktarfélags Reykjavíkur (SR). Þetta var kynning á fyrstu drögum að tillögu, og hægt væri að senda ábendingar og athugasemdir ef ástæður væru taldar til.

Í framhaldi af því hefur stjórn Landnemafélags Fellsmerkur fundað um deiliskipulagsdrögin. Í heild sinni fagnar stjórnin þeim tillögum sem eru komnar fram og þeim skrið sem kemst þá á mál Fellsmerkur. Stjórnin var þó sammála um að ástæða væri til að koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

1. Skógræktarsvæðin

Megintilgangur með leigu og síðar kaupum SR á Fellsmerkursvæðinu var uppgræðsla og skógrækt, og hefur það verið kynnt og skráð sem skógræktarsvæði hjá sveitarfélaginu í Mýrdal. Í deiliskipulagi fyrir slíkt svæði teljum við því eðlilegast að megnið af því sé í flokknum “Skógræktarsvæði”, en frekar afmörkuð frá þau svæði sem eiga að falla undir aðra flokka eins og bílastæði- og fjölnotasvæði, ýmis ræktun/nýting, opin óbyggð svæði, ...o.s.frv.

Að mati stjórnar er því ástæða til að skilgreind skógræktarsvæði taki til mun víðara svæðis en sýnt er í þessum tillögudrögum. Æskilegt er að almennt skógræktarsvæði og skógræktarspildur landnema liggja saman og myndi sem eðlilegast samfelld skógræktarsvæði. Einnig ætti skilgreint skógræktarsvæði að vera töluvert stærra en á uppdrættinum þar sem þegar er búið að planta víðar en þar er afmarkað.

Dæmi um þetta er t.d. austurhlíð Fellsins og svæðin þar norður af; í Þurragili og hluta Selgils ásamt ásnum þar á milli er gróðursetning hafin, og mögulegt að halda áfram meðfram landamerkjagirðingu og upp í gil og allar hæðir þar ofar nema e.t.v. ofan kletta uppi á Fellinu. Til framtíðar mun trjágróður vonandi dreifast víða um kletta og gil, bæði sjálfsáinn og gróðursettur, og þá er öfugsnúið að deiliskipulag sé með mun þrengri stakk sniðinn fyrir skógræktarsvæði.

Á austurhluta Fellsmerkur eru tilgreind skógræktarsvæði að mestu innanlega í bröttum giljum og ofan þeirra á gróðurlausum kollum og ásum þar á milli þar sem jarðvegur er að hluta til rýr eða jafnvel enginn. Brattir hlutar Fellsmerkur eru oft móbergsklettar eða jarðvegslausar grjótskriður, ekki vænlegar til gróðursetningar. Heppilegri skógræktarsvæði, út frá spildum landnema þannig að heild skapist, eru hins vegar utan skilgreindra skógræktarsvæða.

Ekki verður um að ræða þéttan samelldan skóg á öllu skilgreindu skógræktarsvæði, en nánari hönnun og lýsing á gerð og útliti skógarsvæða kæmi fram í skógræktaráætlun en ekki deiliskipulagi.

Miðað við skilning okkar á gildi deiliskipulags fyrir svæðið þá verður ekki stunduð skipuleg skógrækt á þeim svæðum sem eru skilgreind á deiliskipulagi sem “Opin óbyggð svæði” og það myndi einnig eiga við um sameiginlega gróðursetningu landnema. Því myndu þessi þröngt skilgreindu skógræktarsvæði setja okkur verulegar skorður á áframhaldandi sameiginlegri gróðursetningu. Ef land í Króki sem hefur áður verið skilgreint sérstaklega fyrir landnema í Króki, kemur ekki fram sem skógræktarsvæði á deiliskipulagi þá væri einnig verið að ákveða að falla frá ræktun á því svæði.

Leggja ætti áherslu á að þau svæði Fellsmerkur sem henta best fyrir skógrækt verði áfram skilgreind sem skógræktarsvæði en svæði sem henta verr mæti frekar afgangi.

2. Fjölnota svæði framan við Fell

Á aðalfundinum kom fram að afmörkun fjölnotasvæðis sé óþarflega stór og óskilgreind, og gæti valdið óþægindum í nálægð við Fellsbæinn. Stjórnin vill benda á að ekki sé æskilegt að hafa í sama flokki jafn ólík landnýtingaratriði og útivistarsvæði með möguleikum á tjaldstæðum, salernishúsum, bílastæðum o.fl. annars vegar, og hins vegar ýmis ræktun og nýttar.

Stjórn leggur til að þessu sé skipt í tvo flokka og bendir á að í flokk “Útivistaraðstöðu/bílastæða” geti t.d. fallið;

1. slétt tún á þurrlendum móa inn við malarnámu við Þurragil austan í Fellinu. Hentar sem útivistarsvæði og/eða tjaldsvæði vegna þétts undirlags sem heldur bílaumferð.
2. svæði fyrir innan hlöðuna í Fellshlíðinni e.t.v. ásamt fyrstu túnskákum sunnan vegar á framræstum mýrum gæti hentað sem einhvers konar almennt opið svæði. Svæðið sést ekki frá Fellsbæ en hér verður einnig að gæta að nálægð við landnema í Dalbraut við Fell. Bent er á að gljúpur jarðvegur á þessu svæði heldur ekki mikilli umferð án aðgerða. Möguleikar eru væntanlega á að gera upp hlöðubygginguna.
3. bílastæði milli gámasvæðis og varnargarðs sunnan Fells.
4. bílastæði niðri á aurnum milli hólman's Einbúa og upphafs Heiðarbrautar.
5. bílastæði við girðingu á aurnum sunnan innkeyrslu að Hlíðarbraut í Króki/Keldudal.

Í flokkinn “Ýmis ræktun” gætu flokkast framræstar mýrar, tún og hálfgróið land á sléttlendinu framan við Fellið, a.m.k. þau svæði þar sem ekki verði flokkuð undir “Skógræktarsvæði”.

Gæta þarf þess einnig að sú endanlega útfærsla á fjölnotasvæðum sem verður sett fram, geri ekki ráð fyrir fjölnotasvæði með virkri notkun ofan í eða allt í kringum þann eina landnema á Fellsmörk sem er með spildu í Dalbraut, austanvert við Fellið.

3. Nýjar landnemaspildur

Nýjar landnemaspildur innst í Hlíðarbraut eru ekki heppilega skilgreindar þar sem við fyrstu athugun líta þær út fyrir að vera mjög neðarlega í hlíðinni. Þær virðast ná ofan í læk en ekki nema um hálf leið upp í brekku þar sem gott væri að rækta lengra upp. Bent er á að þetta svæði mætti telja fullplantað með trágroðri á öllu svæðinu en rjóðrum á milli.

Nýjar landnemaspildur í Hólsbraut hafa þann annmarka að þangað verður líklega mjög erfitt eða kostnaðarsamt að leggja akfæran vegarslóða. Flatlendi á þeim spildum utan mýra, er nær ekkert og því ekki augljóst hvar heppilegt væri að byggja á þeim spildum.

Nýjar landnemaspildur efst í Gilbraut eru þaktar lúpínu en án trjágróðurs og ættu að vera heppilegar til skógræktar. Það liggur nú þegar jeppaslóði þar inneftir. Hugsanlega mætti einnig bæta við spildu neðst í Gilbrautinni austanvert.

Nýjar landnemaspildur efst í Heiðarbraut voru ekki skoðaðar sérstaklega en bent er á að þær liggja hátt í landinu. Bústaðir landnema þar gætu orðið áberandi í landslagi.

4. Stærð byggingarreita

Ekki kemur fram metratala um stærð byggingarreita í skilmálum tillögu deiliskipulags en talað var um 10 metra á kynningu. Hér er bent á að slík fjarlægðarmörk frá ytri mörkum lóðar geta verið íþyngjandi fyrir landnema þeirra spildna þar sem spildur eru mjög mjóar eða um 40 metrar og þá lítið svigrúm eftir fyrir landnema að velja heppilegan stað fyrir bústað. Skoða ætti rýmri mörk þar sem þannig háttar.

5. Fráveitur

Nota ætti frekar orðalagið að hver bústaður skuli vera tengdur við rotþró á ábyrgð eigenda bústaða frekar en að rotþró skuli vera við hvern bústað. Fleiri en einn bústaður geta samnýtt eina rotþró sbr. leiðbeiningar og reglur um gerð og frágang rotþróa og því ekki rétt að hafa skilmála þannig að hægt sé að skilja að það sé krafa um sérstaka rotþró fyrir hvern bústað.

6. Örnefni

Í texta á deiliskipulagsupprætti um staðhætti og forsögu er sagt að svæðið markist af ánni Klifanda í vestri og Kambá í austri. Það er misritun þar sem áin heitir Lambá en ekki Kambá.

Bent er á að mörg örnefni á upprættinum eru á röngum stað og er þar í sumum tilfellum um mikið misræmi að ræða. Þetta ætti að laga áður en deiliskipulag fer í formlegt ferli.

Með bestu kveðju, fyrir hönd stjórnar Félags Landnema á Fellsmörk,

Einar Ragnar Sigurðsson

Formaður Félags landnema á Fellsmörk

Viðauki 3: Athugasemdir FLÁF vegna aðalskipulags, 8. mars 2023

Félag landnema á Fellsmörk

8. mars 2023

Mýrdalshreppur

Austurvegi 17
870 Vík

Berist til byggingarfulltrúa, bygg@vik.is

Efni: Athugasemdir og ábendingar vegna tillögu um heildar endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps 2021-2033, sem var auglýst á vef Mýrdalshrepps 23. janúar 2023

Stjórn félags landnema á Fellsmörk, hagsmunafélag fólks sem stundar skógrækt á Fellsmerkursvæðinu milli Klifanda og Lambár á jörðunum Felli og Keldudal, hefur farið yfir tillögur að heildar endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps 2021-2033.

Almennt fagnar Félag Landnema á Fellsmörk því að skipulagsmál séu í föstum góðum farvegi hjá sveitarfélaginu. Fellsmerkurverkefnið er í eðli sínu skógræktar verkefni og unnið með Skógræktarfélagi Reykjavíkur og á sem slíkt að nýtast til hagsbóta fyrir almenning sem útivistarsvæði, þó þeir sem þar stunda ræktun hafi heimild til að koma sér upp frístundahúsum og aðstöðu í tengslum við skógræktina. Mikilvægt er til að mynda að hugað sé að vegum inn á svæðið og sorphirðu. Hvetjum við til samráðs milli sveitarfélagsins og þeirra aðila sem standa að Fellsmerkurverkefninu.

Eftir að hafa farið yfir tillögurnar að aðalskipulaginu og rætt á fundi meðal landnema á Fellsmörk, gerir stjórn félagsins nokkrar athugasemdir.

1. Flokkun landbúnaðarlands í Fellsmörk

Í landi Fellsmerkur koma fram á aðalskipulagsupprætti fjórir skipulagsflokkar:

- Óbyggð svæði (Ób)
- Frístundabyggð (F)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- Landbúnaðarsvæði (L)

Skipulagsflokkurinn "Landbúnaðarsvæði" er síðan nánar greindur í fjóra flokka

- L1 (Mjög gott landbúnaðarland)
- L2 (Gott landbúnaðarland)
- L3 (Sæmilegt ræktunarland)
- L4 (Lélegt landbúnaðarland)

Félag landnema á Fellsmörk

Í texta greinargerðar um flokkun landbúnaðarlands (bls. 58) segir; “Við flokkun landbúnaðarlands í Mýrdalshreppi er stuðst er við eftirfarandi skilgreiningar á góðu landbúnaðarlandi; - Landhalli minni en 17%. - Landbúnaðarland / akuryrkjuland sem nær 1 ha. - Plógtækt (dýpt jarðvegs 20-25 cm). - Mikill lifrænn jarðvegur.”. Einnig kemur fram að við flokkun á landbúnaðarlandi eru eftirfarandi viðmið notuð:

L1 - Mjög gott ræktunarland. • Góður móajarðvegur og steinefnaríkar mýrar. • Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði finkornóttur (sendin mylsna) og ekki með grófri mól. • Jarðvegsþykkt (dýpt niður á klöpp) a.m.k. 75 cm. • Land vel þurrt eða auðvelt að þurrka það. • Ekki miklar mishæðir í landinu. • Halli innan við 4% (2,29°). • Hæð yfir sjó að jafnaði undir 100 m.

L2 - Gott ræktunarland. • Mýrar með miklu af lifrænum efnum, lakari móar og góðir sandar og melar. • Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði finkornóttur og ekki með mjög grófri mól. • Jarðvegsþykkt a.m.k. 50 cm. • Land vel þurrt eða auðvelt að þurrka það. • Ekki mjög miklar mishæðir í landinu. • Halli innan við 8% (4,57°). • Hæð yfir sjó að jafnaði undir 200 m. Djúpur grasmói sem færi í l. flokk ef halli og þurrkstig er í lagi.

L3 - Sæmilegt ræktunarland. • Lakari mýrar, móar, melar og sandar. • Steinefnahluti jarðvegsins ekki grófari en svo að hægt sé að vinna hann án vandræða. • Jarðvegsþykkt a.m.k. 25 cm. • Þurrkunarskilyrði sæmileg. • Mishæðir ekki meiri en svo að þær hamli notkun landbúnaðartækja. • Halli innan við 12% (6,84°). • Hæð yfir sjó að jafnaði undir 300 m.

L4 - Lélegt ræktunarland. • Í þennan flokk fellur land neðan 300 m sem ekki uppfyllir skilyrði hinna flokkanna þriggja. Þetta land hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til beitar, skógræktar eða fyrir tún.

Á skýringarmynd um flokkun landbúnaðarlands bls. 60 er sett fram sú flokkun á landi Fellsmörkur að landbúnaðarland ofan 100 m.y.s. er nær allt sett í flokk L2, en í L3 eru sett svæði sem eru aðallega hamrabelti og klettur. Ekkert svæði er þar í flokki L4. Þarna eru eingöngu hæðarlínur látnar ráða flokkun, en ekkert tillit tekið til halla, jarðvegs eða annars.

Land Fellsmörkur ofan 100 m.y.s. er oftast nær ýmist brattar skriður og hlíðar þar sem halli er meiri en 17% og jarðvegur grunnur, eða hálfgrónar, brattar og skornar hæðir. Þar er því ekkert um gott ræktunarland. Samkvæmt lýsingu á flokkun landbúnaðarlands í greinargerð bls. 58 ætti þannig land að flokkast sem L4, og samkvæmt töflu 10 á bls. 59 um flokkun landbúnaðarlands myndi það falla í flokka L3 eða L4. Vegna hagsmuna Fellsmörkur er mikilvægt að þetta land sé flokkað á þann hátt að þar sé gert ráð fyrir skógrækt, sem er einkum land í flokkum L3 og L4.

Hér með er farið fram á að flokkun landbúnaðarlands verði leiðrétt á skýringarmynd 19 (bls. 60) a.m.k. á svæði Fellsmörkur, þ.e. jörðunum Felli og Keldudal, þannig að ofan 100 m.y.s. á þeim jörðum taki við flokkur L3 eða L4, enda gefur landgerð, jarðvegur og halli þar ekki ástæðu til annars, samkvæmt skýringum á flokkum L1-L4 í greinargerð aðalskipulagsins.

Þessi athugasemd á í raun við mun víðar í sveitarfélaginu en vegna hagsmuna Fellsmörkur er farið sérstaklega fram á leiðréttingu vegna jarðanna Fell og Keldudalur.

Einnig má nefna að mikið af landi Fellsmörkur undir 100 m.y.s. sem á skýringarmynd 19 er í flokki L1 (mjög gott landbúnaðarland), er í raun mjög grýttur áframurður á aurum Klifanda og Hafursár, og getur því varla flokkast sem annað en L4.

Auk þess má benda á það ósamræmi að í kortaskýringum á aðalskipulagsupprætti er skipulagsflokkurinn “Óbyggð svæði” sagður land yfir 200 m.y.s., en í greinargerð og á upprættinum sjálfum er flokkurinn “Óbyggð svæði” land ofan 300 m.y.s.

Félag landnema á Fellsmörk

2. Efnisnámur

Gerð er athugasemd við staðsetningu efnisnámu E8 sem er rétt fyrir neðan brú á Holtsá. Efnistaka úr árfarvegi eykur rof mátt árinna þar fyrir ofan með því að lækka rofflöt árinna og setur brúna á Holtsá í hættu. Það hefur verið efnistaka þarna undanfarin ár og nokkrum sinnum hefur vegurinn lokast þar sem grafið hefur úr veginum við brúna. Gera má ráð fyrir að efnistakan fyrir neðan brúna eigi þar talsverðan hlut að máli. Staðan á brúnni núna er þannig að talsvert hefur grafið frá undirstöðum brúarinnar og áframahaldandi efnistaka þar myndi setja þessa brú í enn frekari hættu, sjá meðfylgjandi ljósmyndir. Ekki er vitað til þess að þetta vandamál hafi verið til staðar áður en þessi efnistaka hófst.

Farið er fram á að efnistöku verði hætt neðan brúarinnar og aðalskipulag uppfært miðað við það.

Sama á við um efnisnámu E5 sem er fyrir neðan brú á Klífanda. Þar hefur efnistaka ekki verið undanfarin ár en með því að setja efnisnámu þar, má gera ráð fyrir að sú brú geti einnig verið í hættu.



Skemmdir á brúnni á Holtsá í nóvember 2018.



Brúin á Holtsá í febrúar 2023, efni grafið frá endum brúarinnar.

3. Skilgreind skógræktarsvæði: skógrækt og landgræðsla (SL)

Á skipulagsuppdrætti til kynningar eru sett fram skilgreind skógræktarsvæði á nokkrum stöðum á svæði Fellsmerkur. Þeir skógræktarreitir gefa ekki rétta mynd af þeirri skógrækt sem er komin á Fellsmörk og eru að hluta til óheppilegir fyrir skógrækt. Hér er bent á eftirfarandi atriði:

- Svæði SL5 austan í Fellsfjalli er í miklum bratta og nær að hluta upp í kletta. Engin skógrækt hefur verið þar og ólíklegt er að þar sé hægt að rækta skóg vegna þess bratta sem er á því svæði.
- Á svæði Fellsmerkur hefur á nokkrum svæðum verið stunduð skógrækt, sem er ekki merkt inn á skipulagsuppdráttinn, hvorki sem skilgreind skógrækt né á svæði skilgreindrar frístundabyggðar. Það eru einkum eftirfarandi svæði:
 - Svæði suðaustan við frístundabyggð F4 og sunnan við SL5.
 - Svæði fyrir norðan frístundabyggð F6 og nær að efnisnámu E6.
 - Svæði í kringum norðausturhluta frístundabyggðar F7.

Almennt ætti skógrækt á Fellsmerkursvæðinu ekki að vera bundin við lítil afmörkuð svæði heldur geta myndað stærri heild á komandi árum.


Félag landnema á Fellsmörk

4. Skilgreining frístundabyggðar á Fellsmörk

Frístundabyggð á Fellsmörk sem er skilgreind á skipulagsupprætti til kynningar og lýst í greinargerð er ekki að öllu leyti rétt.

- Skrá yfir fjölda húsa á Fellsmörk í greinargerð með aðalskipulagi er ekki rétt. Einhver hús hafa e.t.v. ekki verið skráð sem frístundahús en fjöldi húsa sem ættu að teljast frístundahús er 10 hús á svæði F4 og 7 hús á svæði F7.
- Á nokkrum stöðum liggur hluti skilgreindra landa landnema á Fellsmörk fyrir utan merкта frístundabyggð, sjá meðfylgjandi kort. Það er á eftirtöldum stöðum:
 - Neðst, austast og nyrst í frístundabyggð F4.
 - Nyrst, vestast og austast í frístundabyggð F7.

Farið er fram á að skipulagsupprætti verði breytt miðað við ofangreint.



Skilgreindar lóðir landnema á Fellsmörk merktar inn á upprátt aðalskipulags.
Hér sést að lóðir ná út fyrir skilgreinda frístundabyggð á nokkrum stöðum.

5. Örnefni

Athugasemd er gerð við eitt örnefni. Á skipulagsupprætti til kynningar er áin austan Fellsmerkur nefnd Kambá en rétt nafn er Lambá.

Með vinsemd og virðingu,

Einar Ragnar Sigurðsson
Formaður Félags landnema á Fellsmörk
www.fellsmork.is